

**[gummigunnars@gmail.com](mailto:gummigunnars@gmail.com)**

---

**Til** : ingi@lit.is  
**Frá** : gummigunnars@gmail.com  
**CC** : Laufey Helga Guðmundsdóttir;  
**Heiti** : 18.Afrit af bréfi Guðmundar Gunnarssonar til NV 27.9.2021  
**Málsnúmer.** : 2110006  
**Málsaðili** : Alþingi  
**Efnisflokkur** : Upplýsingar  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 6.10.2021  
**Skráningaraðili** : Landskjörstjórn

**Viðhengi**

[Greinargerð yfirkjörstjórnar.pdf](#)

Góðan daginn,

meðfylgjandi er bréf vegna greinargerðar yfirkjörstjórnar um framkvæmd endurtalningar.

Virðingarfyllst Guðmundur Gunnarsson

sími: 690-9999

Yfirkjörstjórn  
Ingi Tryggvason, formaður yfirkjörstjórnar  
Kveldúlfsgötu 7  
310 Borgarnesi

*Bolungarvík, 27. september 2021.*

**Efni: Greinargerð yfirkjörstjórnar vegna endurtalningar atkvæða í kosningum til Alþingis í Norðvesturkjördæmi.**

Með bréfi þessu fer undirritaður, Guðmundur Gunnarsson, kt. 230976-5119 til heimilis að Perlukór 1b, 203 Kópavogur, frambjóðandi á lista Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi í kosningum til Alþingis 2021, hér með fram á greinargerð yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi um framkvæmd endurtalningar þeirrar sem fram fór í gær, sunnudaginn 26. september 2021.

Óskað er eftir því að gerð verði í fyrsta lagi grein fyrir aðdraganda þess að ákvörðun um endurtalningu atkvæða var tekin, klukkan hvað hún var tekin, hvernig það var gert og hver tók hana. Ennfremur hvernig hún var rökstudd og hvort og hvernig hún var birt opinberlega og hvort um hana var haft samráð, svo sem við landskjörstjórn.


Í annan stað fer ég fram á ítarlega greinargerð yfirkjörstjórnar um meðferð kjörgagna og framkvæmd endurtalningar, það er frá því að fyrri talningu lauk og fram til þess að endurtalningu lauk. Þar á meðal eftirfarandi:

1. Verklag við endurtalningu, hverjir komu að henni, hvernig fór hún fram og hvar.
2. Hvort allir umboðsmenn framboðslista hafi verið kallaðir til til að vera viðstaddir og hvenær það var gert.
3. Hvenær (klukkan hvað) fyrri talningu lauk og hvenær seinni talning hófst.
4. Hvað var gert við notaða kjörseðla, atkvæðakassa og kjörgögn að lokinni fyrri talningu, hver fór með þau, hvert var farið með þau og hvar þau voru höfð milli talninga.
5. Hvort kjörgögn, þar á meðal notaðir kjörseðlar og atkvæðakassar hafi verið innsiglaðir strax á staðnum að lokinni fyrri talningu og áður en seinni talning hófst.
6. Hver gætti kjörgagna og, eftir atvikum notaðra kjörseðla og atkvæðakassa, eftir að fyrri talningu lauk.
7. Hverjir höfðu aðgang að rými þar sem kjörgögn voru geymd á milli talninga.
8. Hvað skýrir mun á heildarfjölda atkvæða á milli fyrri og síðari talninga.
9. Hvað skýrir breytingu á fjölda auðra og ógildra atkvæða á milli talninga.

Loks óska ég eftir afriti af öllum bókunum yfirkjörstjórnar í gerðabók sbr. 19. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Áríðandi er að þessar upplýsingar liggi fyrir án tafar og því fer ég fram á að greinargerð yfirkjörstjórnar um ofangreint liggi fyrir ekki seinna en við lok dags í dag.

*Virðingarfyllst,*



*Guðmundur Gunnarsson,*

*frambjóðandi og oddviti Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi*

**Afrit sent:**

Landskjörstjórn  
Kristín Edwald, formaður  
Kirkjustræti 8  
101 Reykjavík

## Elisabeth Patriarca Kruger

---

**From:** Laufey Helga Guðmundsdóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 29. september 2021 21:37  
**To:** 'Guðmundur Gunnarsson'  
**Cc:** Kristín Edwald (kristin@lex.is)  
**Subject:** RE: Greinargerð yfirkjörstjórnar vegna endurtalningar atkvæða í kosningum til Alþingis  
**Attachments:** NV\_fundargerð yfirkjörstjórnar.pdf; NV\_greinargerð yfirkjörstjórnar.pdf

Sæll Guðmundur,  
Hjálagt eru umbeðin gögn.  
F.h. landskjörstjórnar,

-----  
Laufey Helga Guðmundsdóttir  
Lögfræðingur og ritari landskjörstjórnar Skrifstofa Alþingis, lagaskrifstofa sími 563-0926 / 860-2253  
www.althingi.is

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda. Fyrirvari/Disclaimer

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Guðmundur Gunnarsson <gummigunnars@gmail.com>  
Sent: miðvikudagur, 29. september 2021 20:55  
Til: Laufey Helga Guðmundsdóttir <laufeyhelga@althingi.is>  
Efni: Re: Greinargerð yfirkjörstjórnar vegna endurtalningar atkvæða í kosningum til Alþingis

Sæl Laufey,  
með vísan til upplýsingalaga, og í ljósi þess að enn hafa engin svör borist við erindi mínu, óska ég eftir afriti af greinargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis vegna nýafstaðinna kosninga.

Virðingarfyllst,  
Guðmundur Gunnarsson  
Oddviti Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi

> On 27 Sep 2021, at 10:01, Guðmundur Gunnarsson <gummigunnars@gmail.com> wrote:  
>  
>  
> Góðan daginn,  
>  
> meðfylgjandi er bréf vegna greinargerðar yfirkjörstjórnar um framkvæmd endurtalningar.  
>  
> Virðingarfyllst Guðmundur Gunnarsson  
>  
> sími: 690-9999  
> <Greinargerð yfirkjörstjórnar.pdf>